

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. janúar 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um að kalla eftir ábendingum borgarbúa varðandi þjónustu borgarinnar

Lagt er til að ábendingavefur borgarinnar verði auglýstur með það að markmiði að leitast við að fá inn ábendingar íbúa um það sem megi bæta í þjónustu borgarinnar. Eða ef það er eitthvað sérstaklega jákvætt sem mætti auka. Markmiðið verði að senda út skilaboð um að borgarstjórn vilji heyra frá borgarbúum og auglýsa vel hvernig megi koma skilaboðum áleiðis. Síðan verði unnið skipulega úr þeim athugasemdum sem berast svo að borgarfulltrúar geti kynnt sér þær. Á sama tíma verði auglýst vel hvernig megi koma ábendingum áleiðis bréfleiðis ef viðkomandi kys slíkt fram yfir rafrænar lausnir. Lagt er til að um verði að ræða sérstakt átak sem standi fyrst um sinn yfir í mánuð, t.a.m. að auglýst verði vel fyrir febrúarmánuð að verkefnið sé að fara í gang og ábendingum safnað saman þegar mánuðurinn hefur runnið sitt skeið. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að halda utan um verkefnið og meta hvernig best sé að auglýsa það. Auglýsingar um verkefnið og notendaviðmótið verði á nokkrum tungumálum. Ábyrgðarsviðum verði falið að meta hvort nýta eigi núverandi ábendingavef borgarinnar eða hvort þörf sé á öðru kerfi til að taka á móti ábendingum.